



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	3. júlí 2026

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Í byrjun september 2024 var skipaður starfshópur sem falið var að gera tillögur að umbótum á regluverki, stjórnsýslu, upplýsingagjöf og fjárhagslegri umgjörð stuðnings við rannsóknir og þróun, með það að markmiði að tryggja að kerfið væri í samræmi við samþykktu fjármálaáætlun ásamt því að gera tillögur að umbótum á regluverki, stjórnsýslu, upplýsingum og fjárhagslegri umgjörð um stuðningskerfið. Starfshópnum var sérstaklega ætlað að leggja fram tillögur til að innleiða ábendingar og ráðleggingar sem fram komu í úttekt OECD frá nóvember 2023 á áhrifum skattaívilnana samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, og jafnframt að meta hvernig unnt væri að aðlagða stuðningskerfið að þeim ramma sem mótaður hefur verið um útgjaldavöxt í fjármálaáætlun 2025–2029. Skýrslan nefnist "Evaluating the Effects of the R&D Tax Credit in Iceland". OECD taldi að íslenska stuðningskerfið hefði almennt reynst vel og haft jákvæð áhrif á rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. OECD lagði þó áherslu á:

- aukna gagnaöflun og reglubundið árangursmat,
- aukinn fyrirsjáanleika og stöðugleika í framkvæmd,
- skýrari afmörkun styrkhæfs kostnaðar,
- áframhaldandi áherslu á verkefni sem fela í sér raunverulega rannsóknar- og þróunarstarfsemi,
- og að breytingar á kerfinu dragi ekki úr hvatningu fyrirtækja til fjárfestinga í rannsóknum og þróun.

Vinna starfshópsins leiddi til framlagningar frumvarps til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, sem samþykkt var á Alþingi fyrir áramót 2024/2025, sbr. þskj. 405 á 155. löggjafarþingi (300. mál), og varð að lögum nr. 140/2024, eftir umræðu og tillögur að breytingum frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Með lögnum voru gerðar ýmsar breytingar sem miðuðu að því að bæta framkvæmd kerfisins, efla eftirlit og upplýsingagjöf og styrkja varnaðaráhrif með skýrari heimildum til viðurlaga. Jafnframt var gætt að því að ganga ekki gegn meginmarkmiði laganna, þ.e. að efla rannsóknar- og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja hér á landi.

Samhliða lagabreytingunum voru gerðar breytingar á reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, í sama tilgangi. Þá var jafnframt ákveðið að ráðast í heildstæða endurskoðun laganna sem skyldi ljúka fyrir 1. janúar 2027.

Á vormánuðum 2025 var skipaður nýr starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins til að vinna að

þeirri endurskoðun. Markmið hennar er að tryggja að stuðningskerfið styðji áfram með markvissum hætti við vöxt hugverkaiðnaðar, nýsköpunar og tækni, í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, og að það skili með markvissum hætti efnahagslegum ávinningi fyrir íslenskt samfélag.

Ákveðið var að skipta vinnu starfshópsins í tvo áfanga. Fyrri áfanginn laut að því að bæta framkvæmd, umgjörð og skilyrði stuðningsins. Sú vinna leiddi til framlagningar frumvarps sem samþykkt var á 157. löggjafarþingi 2025–2026 og varð að lögum nr. 1016/2026, eftir umræðu og tillögur að breytingum frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Með þeim lögum voru gerðar frekari úrbætur á framkvæmd kerfisins, m.a. hvað varðar mat á fjárhagsstöðu fyrirtækja í samræmi við túlkun Evrópudómstólsins, gildis- og afgreiðslutíma umsókna og skýrleika varðandi samstarfsverkefni.

Á undanförnum árum hefur útgjaldavöxtur vegna stuðningsins verið verulegur, sem hefur kallað á aukna áherslu á skilvirkni, markvissari framkvæmd og eftirlit. Alþjóðlegar úttektir, m.a. af hálfu OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafa staðfest að stuðningskerfið hafi haft jákvæð áhrif, sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt bent á þörf á skýrari skilyrðum, betri afmörkun kostnaðar og auknu eftirliti. Allt frá árinu 2023, þegar skýrsla OECD var gefin út, hafa stjórnvöld unnið að því að bæta framkvæmd og auka eftirlit með þessum mikilvæga stuðningi. Slíkar aðgerðir eru nauðsynlegar í ljósi aukins umfangs kerfisins, mikilvægis þess að tryggja samræmda og rétta framkvæmd, draga úr hættu á misskilningi eða vanþekkingu á reglum og mæta þeim kröfum sem gerðar eru til ábyrgðar meðferðar opinberra fjármuna. Þær aðgerðir stjórnvalda hafa verið kynntar, m.a. í fjármálaáætlunum, greinargerðum með frumvörpum og opinberri umfjöllun síðustu ára.

Sá áfangi sem hér er kynntur felur í sér síðari hluta endurskoðunarinnar. Í honum er lögð áhersla á stefnumótun til lengri tíma, þar á meðal með hliðsjón af umfangi stuðningskerfisins, skilgreiningu markhópa, samspili við önnur opinber stuðningsúræði og þörf fyrir fyrirsjáanleika og einfaldleika í framkvæmd. Markmiðið er að móta sjálfbært og skilvirkt stuðningskerfi sem tekur mið af mismunandi þörfum fyrirtækja, stuðlar að verðmætasköpun, markvissri nýtingu á opinberu fé og byggist á skýrum og fyrirsjáanlegum leikreglum.

Umfangsmikið samráð hefur átt sér stað við undirbúning endurskoðunarinnar, bæði innan stjórnsýslunnar og við helstu hagaðila á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Starfshópurinn hefur átt fundi og haldið vinnustofur með fulltrúum atvinnulífs, nýsköpunarfyrirtækja, fjárfesta, Skattsins og Rannís sem og annarra aðila sem tengjast framkvæmd stuðningskerfisins. Lögð hefur verið áhersla á að fá fulltrúa úr frumkvöðla- og sprotaumhverfi (lítilla fyrirtækja), miðlungs stórra nýsköpunarfyrirtækja og stórra fyrirtækja. Jafnframt hefur verið horft til reynslu annarra ríkja og þeirra ábendinga sem fram hafa komið í alþjóðlegum úttektum, m.a. af hálfu OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Við frekari undirbúning frumvarpsins verður áfram lögð áhersla á opið og gagnsætt samráð. Þá verður jafnframt horft til þeirra sjónarmiða og ábendinga sem fram hafa komið við meðferð fyrri lagabreytinga hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Gert er ráð fyrir að frumvarp, byggt á niðurstöðum þessa áfanga, verði lagt fram á haustþingi 2026.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförunum misserum og nefndar eru hér að framan til að bæta framkvæmd og eftirlit með stuðningskerfi við nýsköpunarfyrirtæki stendur eftir þörf á heildstæðri stefnumótun um fyrirkomulag og umfang stuðningsins til lengri tíma, sérstaklega í því skyni að auka fyrirsjáanleika stuðningskerfisins.

Stuðningskerfið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og gegnir nú veigamiklu hlutverki í stuðningi við rannsóknir og þróun hér á landi. Sú þróun hefur kallað á frekari skoðun á því hvort kerfið sé nægjanlega markviss, hvort það nái til þeirra fyrirtækja og verkefna sem best styðja við verðmætasköpun og samkeppnishæfni, og hvort jafnvægi sé á milli einfaldleika í framkvæmd og nauðsynlegs aðhalds í meðferð opinberra fjármuna.

Tilfni er til að endurmeta meginforsendur kerfisins, þar á meðal:

- hver eru markmiðin með stuðningnum,
- hvort og hvernig aðgreina eigi mismunandi tegundir fyrirtækja,
- hvernig skuli afmarka betur hvaða starfsemi telst til rannsóknar og þróunar og hvaða kostnaður fellur undir stuðning,
- hvernig tryggja megi að stuðningurinn skili efnahagslegum og samfélagslegum ávinningi.

Úrlausnarefnið felst því í að móta skýrari stefnu um framtíðarfyrirkomulag stuðningskerfisins, þar sem tekið er mið af umfangi þess, þróun á alþjóðavettvangi og þörfum íslensks atvinnulífs. Sérstök áhersla verður lögð á að auka fyrirsjáanleika, einfalda framkvæmd og tryggja eins og kostur er að ekki gæti misskilnings um hvaða verkefni og kostnaðarliðir falli undir lögin ásamt því að varnað er gegn misnotkun.

Markmið endurskoðunarinnar er að leggja grunn að sjálfbæru og markvissu stuðningskerfi sem styður við nýsköpun, eykur framleiðni og styrkir samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs til framtíðar.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, tóku gildi 1. janúar 2010 og hafa frá þeim tíma verið burðarás í opinberum stuðningi við rannsóknir og þróun hér á landi. Á síðustu árum hefur umfang kerfisins hins vegar aukist verulega, sem hefur varpað ljósi á nokkra hnökra í gildandi lögum gildandi hvað varðar m.a. skýrleika, framkvæmd og hvort þau séu nægjanlega markviss.

Í alþjóðlegum úttektum, m.a. af hálfu OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur verið bent á að þörf sé á að styrkja eftirlit og gagnaöflun, sem og að skýra betur skilyrði fyrir stuðningi. Sérstaklega hefur verið bent á að óvissa geti ríkt um afmörkun þess hvaða kostnaður telst til rannsóknar- og þróunarkostnaðar og hvaða starfsemi falli undir gildissvið laganna. Slík óvissa getur leitt til mismunandi túlkunar milli umsækjenda og stjórnvalda og þar með dregið úr fyrirsjáanleika og samræmi í framkvæmd.

Í umsögnum AGS og OECD kemur fram að kerfið hvetji til rannsókna og þróunar. En skilaboðin eru jafnframt að stuðningurinn þurfi að vera markvissari, fyrirsjáanlegri og hagkvæmari, og skoða þurfi sérstaklega þak á útgjöld, hæfisskilyrði og því hvort betra sé að stuðningurinn sé tengdur launakostnaði vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi en almennum tekjuskatti fyrirtækja.

Þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 140/2024 og nú nýlega með lögum nr. 1016/2026, þar sem m.a. var lögð aukin áhersla á eftirlit, upplýsingagjöf, hæfisskilyrði og framkvæmd, standa enn eftir grundvallarálitæfni sem lúta að uppbyggingu og afmörkun kerfisins sem kallar á frekari breytingu á lögnum, enda var miðað við endurskoðunin færi fram í áföngum.

Nýlegar lagabreytingar hafa bætt framkvæmd og eftirlit en þörf er á frekari skýringum, einföldun þar sem við á og heildstæðri stefnumótun um framtíðarfyrirkomulag stuðningsins, þannig að tryggt sé að hann sé bæði markviss, fyrirsjáanlegur og sjálfbær til lengri tíma. Þær breytingar sem nú er áformað að gera eru hluti af seinni áfanga endurskoðunarinnar sem hófst

á fyrri hluta ársins 2025 og sem ljúka skal fyrir 1. janúar 2027 í samræmi við gildandi lagaákvæði.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Í stjórnarsáttmála kemur fram að áfram verði stutt við vöxt hugverkaiðnaðar, nýsköpunar og tækni. Á málefnasviði 07, Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, í fjármálaáætlun 2027–2031 kemur fram að vísindi, tækniþróun og nýsköpun skuli vera meðal helstu drifkrafta sterks samfélags og samkeppnishæfs hagkerfis.

Sú áhersla endurspeglast í stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs, sem samræmist lögum nr. 152/2009, þar sem bæði stefnan og lögin miða að því að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun með áherslu á öflugan mannauð, sterka innviði, samstarf og trausta langtímafjármögnun. .

Stefna stjórnvalda á þessu sviði birtist einnig í atvinnustefnu – Vaxtarplani til 2035, þar sem sett eru fram markmið um aukna fjárfestingu í rannsóknum og þróun, aukna framleiðni, vöxt hugverka- og þekkingariðnaðar og aukna samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmið fyrirhugaðrar lagasetningar er að tryggja að stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki sé markviss, skilvirkur og sjálfbær til lengri tíma, í samræmi við stefnu stjórnvalda á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Sérstök áhersla verður lögð á að stuðningskerfið stuðli að aukinni verðmætasköpun, framleiðni og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Við endurskoðun laganna verður horft til ábendinga og ráðlegginga frá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem og sambærilegra kerfa í nágrannaríkjum, auk þess sem horft verður til þeirra atriða sem fram hafa komið í samráði við hagaðila. Markmiðið er að skýra og einfalda lagaumgjörðina, bæta fyrirsjáanleika og tryggja samræmda framkvæmd sem og að lagaumgjörðin sé í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum, þar á meðal reglur um ríkisaðstoð samkvæmt GBER.

Endurskoðunin felur þannig í sér bæði lagatæknilegar úrbætur og stefnumótandi ákvarðanir um framtíðarfyrirkomulag stuðningsins, með það að markmiði að tryggja að opinberir fjármunir nýtist sem best og að kerfið styðji á skilvirkan hátt við rannsóknir og þróun ásamt uppbyggingu þekkingardrífins hagkerfis.

Til skoðunar er hvort ástæða sé til að skýra markmið laganna betur og samræma þau þróun atvinnulífs, alþjóðlegum viðmiðum og tilgangi þess stuðnings sem veittur er samkvæmt lögnum.

Gildandi lög byggjast á því markmiði að efla rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækja, stuðla að verðmætasköpun og bæta samkeppnisskilyrði atvinnulífs með því að veita fyrirtækjum skattalegan stuðning vegna styrkhæfs kostnaðar við rannsóknar- og þróunarverkefni. Við endurskoðun laganna verður metið hvort ástæða sé til að skýra nánar þau samfélagslegu og efnahagslegu markmið sem stuðningnum er ætlað að ná fram.

Er það í samræmi við atvinnustefnu stjórnvalda en hún leggur áherslu á rannsóknir, þróun og nýsköpun sem drifkraft verðmætasköpunar og er framtíðarsýnin að útflutningur byggji á nýsköpun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Hún leggur áherslu á háframleiðnigreinar, einkum útflutningsgreinar og hugverkaiðnað. Stjórnvöld vilja styðja vaxtartækifæri greina þar sem framleiðni vinnuafls er mikil.

Í umsögnum um stefnuna hefur verið kallað eftir skýrari markmiðum um skattastuðning og endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunar og eru þau áform sem hér eru kynnt mikilvægur áfangi í þeirri vinnu.

Í því samhengi kemur til skoðunar hvort lögin eigi með skýrari hætti að endurspegla hlutverk rannsókna og þróunar við að stuðla að framleiðniaukningu, nýrri þekkingu, tækni framförum og aukinni samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Jafnframt verður horft til þess hvernig stuðningskerfið getur stutt við uppbyggingu sérfræðiþekkingar, rannsóknargetu og þekkingarstarfsemi innanlands og þannig stuðlað að sjálfbærri verðmætasköpun og efnahagslegum vexti til lengri tíma.

Rannsóknir og þróun eru almennt taldar meðal mikilvægustu drifkrafta framleiðni aukningar, nýsköpunar og hagvaxtar. Opinber stuðningur við slíka starfsemi er meðal annars byggður á því sjónarmiði að fyrirtæki geti verið treg til að ráðast í verkefni sem fela í sér verulega áhættu, mikla óvissu eða langan tíma þar til ávinningur kemur fram, þrátt fyrir að slík verkefni geti skapað verulegan samfélagslegan og efnahagslegan ávinning. Með stuðningi við rannsóknir og þróun er leitast við að stuðla að aukinni nýsköpun, þekkingarmiðlun, framleiðni aukningu, fjölbreyttara atvinnulífi og aukinni samkeppnishæfni íslensks hagkerfis.

Jafnframt verður áfram lögð áhersla á að stuðningur samkvæmt lögnum taki eingöngu til rannsókna og þróunar í skilningi laganna og þeirra alþjóðlegu viðmiða og ríkisaðstoðarreglna sem stuðningskerfið byggir á.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekki verður ráðist í frekari endurskoðun laganna er hætta á að óvissa um túlkun og framkvæmd tiltekinna ákvæða haldist, einkum hvað varðar afmörkun rannsóknar- og þróunarstarfsemi, styrkhæfan kostnað, eignarhald verkefna, fjárhagslega áhættu umsækjenda og það hver telst raunverulegur móttakandi stuðnings. Slík óvissa getur leitt til mismunandi túlkunar og framkvæmdar, aukið stjórnsýslulegt flækjustig og dregið úr fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki.

Óbreytt fyrirkomulag kann jafnframt að takmarka möguleika til að auka hvatningaráhrif stuðningsins og bæta skilvirkni kerfisins. Núverandi fyrirkomulag gerir meðal annars ráð fyrir umsókn um staðfestingu verkefna eftir að rekstrarár er hafið, sem getur dregið úr áhrifum stuðningsins á ákvarðanir fyrirtækja um að ráðast í rannsóknar- og þróunarverkefni. Einnig myndi áfram skorta formlega kæruleið vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Að óbreyttu kann stuðningskerfið einnig að verða síður í stakk búið til að mæta þróun í atvinnulífi og alþjóðlegu rekstrarumhverfi.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Eins og fram hefur komið var með lögum nr. 140/2024 kveðið á um að endurskoðun laga nr. 152/2009 skyldi fara fram fyrir 1. janúar 2027. Við undirbúning endurskoðunarinnar hefur verið metið hvort unnt sé að ná markmiðum hennar með breytingum á stjórnsýsluframkvæmd, verklagsreglum, leiðbeiningum eða reglugerðum. Þó er talið að mörg þeirra álitaefna sem til skoðunar eru varði efnisatriði sem aðeins verða leyst með breytingum á lögum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Við endurskoðun laga nr. 152/2009 koma til álita mismunandi leiðir við útfærslu breytinga, allt frá afmörkuðum breytingum á einstökum ákvæðum laganna til heildstæðari endurskoðunar á uppbyggingu og framkvæmd stuðningskerfisins. Ein möguleg leið væri að byggja áfram á meginatriðum núverandi kerfis en ráðast í markvissar breytingar sem miða að því að skýra ákvæði laganna, bæta málsmæðferð og auka fyrirsjáanleika fyrir umsækjendur. Slíkar breytingar gætu meðal annars tekið til umsóknarfresta, gildistíma staðfestinga, kæruleiða, gagnasöfnunar og samræmingar skilgreininga við alþjóðleg viðmið og reglur EES um

ríkisaðstoð. Önnur leið væri að ráðast í umfangsmeiri endurskoðun á efnislegum skilyrðum stuðningsins. Þar kemur meðal annars til skoðunar hvernig haga skuli reglum um styrkhæfan kostnað, eignarhald verkefna, réttindi til afraksturs rannsóknar- og þróunarstarfsemi, fjárhagslega áhættu umsækjenda og framkvæmd verkefna innan fyrirtækjasamtæðna eða í samstarfi við aðra aðila. Jafnframt verður metið hvort ástæða sé til að endurskoða form stuðningsins. Þar koma meðal annars til álita áframhaldandi stuðningur í gegnum tekjuskattskerfið, stuðningur sem tengist launakostnaði eða launatengdum gjöldum, eða stuðningur sem veittur er í formi beinna greiðslna eða annarra útgjaldaúrræða. Við slíkt mat verður meðal annars horft til reynslu annarra ríkja, hvatningaráhrifa mismunandi útfærslna, einfaldleika í framkvæmd og samræmis við reglur EES um ríkisaðstoð. Við frekari vinnslu málsins og í samráði við hagsmunaaðila verður lagt mat á kosti og galla framangreindra leiða með það að markmiði að stuðningskerfið stuðli sem best að rannsóknum, þróun, nýsköpun og verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi, jafnframt því að tryggja skilvirka og gagnsæja ráðstöfun opinberra fjármuna.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Áformað er að endurskoða lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki með það að markmiði að einfalda framkvæmd stuðningskerfisins, auka fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki og stjórnvöld og tryggja að lögin samræmist sem best þróun alþjóðlegra viðmiða um rannsóknir og þróun og reglum EES um ríkisaðstoð. Meðal annars er gert ráð fyrir að breyta heiti laganna þannig að það endurspegli betur tilgang þeirra, færa umsóknarfrest fram til að styrkja hvatningaráhrif stuðningsins, heimila lengri gildistíma staðfestinga rannsóknar- og þróunarverkefna og bæta málsmeðferð með því að heimila hlutlæga afgreiðslu umsókna og koma á formlegri kæruleið. Jafnframt er stefnt að því að samræma skilgreiningar og framkvæmd laganna betur við ákvæði almennu hópundanþágureglugerðarinnar (GBER), sem er grundvöllur þess að veita megi stuðninginn án sérstakrar fyrir fram samþykktar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Með því er leitast við að tryggja áframhaldandi samræmi við ríkisaðstoðarreglur EES-samningsins, auka réttaröryggi og draga úr hættu á túlkunarvafa. Einnig verður horft til þess að skýra reglur um styrkhæfan kostnað, eignarhald verkefna og réttindi til afraksturs þeirra, auk þess að efla gagnasöfnun og tölfraðilega greiningu á áhrifum stuðningsins. Breytingunum er ætlað að stuðla að skilvirkara og gagnsærra stuðningskerfi sem styður betur við rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja og verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

- **Breyta heiti laganna:** Stuðningur við rannsóknar- og þróunarverkefni fyrirtækja. Áformað er að heiti laganna verði breytt úr lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki í lög um stuðning við rannsóknar- og þróunarverkefni fyrirtækja. Markmið breytingarinnar er að gera gildissvið og tilgang laganna skýrari og samræma betur heiti þeirra því efnislega markmiði sem stuðningurinn beinist að, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja. Með breytingunni er jafnframt leitast við að draga úr óvissu um hvort stuðningurinn sé bundinn við tiltekna tegund fyrirtækja eða atvinnugreina. Þrátt fyrir vísun í nýsköpunarfyrirtæki í heiti laganna þá hafa bæði lagaákvæði og framkvæmd ekki afmarkast við nýsköpunarfyrirtæki heldur við öll fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun. Nýsköpunarfyrirtæki er sérstaklega skilgreint í GBER reglugerðinni og á sú skilgreining eingöngu við um afmarkað mengi fyrirtækja en ekki öll fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun. Með breytingunni er heiti laganna breytt til samræmis við lagaákvæði og framkvæmd.
- **Breyta markmiðum laganna:** Umorða núverandi markmið á þann hátt að það samræmist betur lagaákvæðum um að stuðningurinn sé opin fyrirtækjum sem stunda rannsóknir og þróun í stað þess að vísað sé til nýsköpunarfyrirtækja og nýsköpunarverkefna. Jafnframt er áformað að bæta inn markmiði um ávinning fyrir Ísland, þekkingaruppyggingu og sköpun sérfræðistarfa hér á landi til samræmis við atvinnustefnu.

- **Færa umsóknarfrest fram um ár:** Eykur hvatningaráhrif og fyrirsjáanleika. Áformað er að leggja til að umsóknir um staðfestingu rannsóknar- og þróunarverkefna verði að meginstefnu lagðar fram áður en það rekstrarár hefst sem stuðningurinn tekur til. Markmið breytingarinnar er að styrkja hvatningaráhrif stuðningskerfisins og tryggja að stuðningur sé hluti af ákvörðun fyrirtækja um að ráðast í rannsóknar- og þróunarverkefni. Jafnframt er stefnt að auknum fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki og stjórnvöld við áætlanagerð og framkvæmd kerfisins. Til skoðunar er jafnframt að hafa annan umsóknarfrest snemma á rekstrarári verkefnisins, mögulega með ákvæði um að stuðningur verði einungis í boði frá umsóknardegi eða samþykkt verkefnis fyrir þau fyrirtæki þar sem viðskiptahugmynd liggur ekki fyrir fyrr en rekstrarár er hafið. Með þessu móti er fyrirtækjum gefinn kostur á að sækja um verkefni, jafnvel þó að rekstrarár sé hafið en þó án þess að stuðningur verði afturvirkur.
- **Gildistími umsókna verði 1-4 ár:** Áformað er að leggja til að staðfesting rannsóknar- og þróunarverkefna geti gilt í frá einu ári og til alls fjögurra ára í senn, eftir eðli og umfangi verkefna. Áformað er að horfa til gildistíma umsókna í 2- 3 ár sem almennrar reglu. Fjögur ár verði undantekning og gildi eingöngu um langtímaverkefni, s.s. í djúptækni. Gerð verður krafa um framvinduskýrslu á móti og Rannís veitt heimild til að draga staðfestingu umsókna til baka komi í ljós að breytingar hafi orðið á verkefni þannig að eðlilegra væri að fyrirtæki sækji um nýtt verkefni eða skilyrði að öðru leyti ekki uppfyllt. Viðmið fyrir gildistíma og framvinduskýrslu verða útfærð í reglugerð. Þá er miðað við að réttindi um stuðning fylgi ákvörðun Alþingis fyrir hvert ár þannig að verði annaðhvort dregið úr stuðningi eða hann aukinn á gildistíma verkefnisins þá gildi sá stuðningur sem Alþingi ákveður fyrir hvert ár. Þannig njóta fyrirtæki með samþykkt verkefni sama stuðnings og sambærileg fyrirtæki eiga rétt á, óháð gildistíma umsókna. Markmiðið er að auka fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki sem vinna að langtímaverkefnum og draga úr stjórnsýslubyrði sem felst í endurteknum umsóknum um sama verkefni. Breytingunni er jafnframt ætlað að stuðla að skilvirkari málsmeðferð og hraðari afgreiðslu umsókna.
- **Samræma skilgreiningar við GBER:** Áformað er að leggja til að skilgreiningar laganna sem og þær skilgreiningar sem fram koma í reglugerð 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki verði endurskoðaðar og samræmdar betur skilgreiningum sem koma fram í GBER. Áformað er að tryggja aukið samræmi við alþjóðleg viðmið án þess þó að efnislegt gildissvið stuðningskerfisins taki grundvallarbreytingum.
- **Fyrirtæki í fjárhagsvanda:** Í samráðsferli komu fram óskir um að útvíkka skilyrði um fyrirtæki í fjárhagsvanda þar sem núverandi skilyrði þykja ströng að mati sumra fyrirtækja og hagsmunaaðila. Ísland er skuldbundið til að fylgja ákvæðum GBER reglugerðarinnar um almenna hópundanþágu fyrir ríkisaðstoð. Samkvæmt GBER er óheimilt að veita fyrirtækjum í fjárhagsvanda, öðrum en þeim sem eru yngri en þriggja ára, stuðning. Skilyrði fyrir því hvað telst vera fyrirtæki í fjárhagsvanda eru skilgreind í GBER. Gildandi ákvæði laganna og reglugerðarinnar eru í samræmi við skilyrði GBER og því er ekki talið mögulegt að breyta ákvæðum að öðru leyti en því að áformað er að leggja til að við mat á því hvort fyrirtæki teljist í fjárhagsvanda verði miðað við stöðu þess þegar ákvörðun um stuðning er tekin, fremur en þegar umsókn er lögð fram, líkt og nú gildir samkvæmt reglugerð. Í þessu sambandi er bent á að ákvæði GBER reglugerðarinnar eru nú til endurskoðunar og er áætlað að breytingarnar taki gildi um áramótin. Meðal tillagna sem nú eru í samráðsferli er að fyrirtæki sem teljast vera nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu GBER reglugerðarinnar verði undanþegin því að teljast í fjárhagsvanda séu þau yngri en 10 ára. Áformað er að taka upp það ákvæði í íslensku reglugerðinni verði breytingin á GBER samþykkt. Þá er til skoðunar hvort að breyting um viðmiðunardagsetningu og gildistíma umsókna feli í sér að ef staða fyrirtækja breytist á þann veg að þau teljist í fjárhagsvanda eftir að umsókn hefur verið samþykkt en áður en gildistími umsókna rennur út eigi við. Verði fyrrnefndar breytingar á GBER reglugerðinni að veruleika, um að nýsköpunarfyrirtæki yngri en 10 ára verði undanþegin skilyrðum, er álitamál hvort ganga eigi lengra en það í íslenskum lögum. Þannig kæmi til álita að eitt atriðið sem til skoðunar væri í framvinduskýrslu væru ákvæði um fjárhagsvanda.

- **Afgreiðsla umsókna:** Rannís verði veitt heimild til að samþykkja umsóknir að hluta. Áformað er að leggja til að unnt verði að samþykkja umsóknir að hluta þegar aðeins hluti verkefnis eða kostnaðar uppfyllir skilyrði laganna. Markmið breytinganna er að auka sveigjanleika í málsmeðferð og stuðla að því að fyrirtæki geti notið stuðnings vegna þeirra þátta verkefna sem uppfylla skilyrði laganna, þó aðrir þættir falli utan gildissviðs þeirra. Unnið er að nánari útfærslu en miðað er við að heimildin til að samþykkja að hluta afmarkist við einstaka verkþætti og kostnaðarliði. Heimild Rannís nái eingöngu til afgreiðslu umsókna en ekki til breytinga á henni. Séu verkþættir sambland af þáttum sem uppfylla skilyrði laganna og þáttum sem gera það ekki þá yrði núverandi verklag áfram viðhaft þar sem fyrirtækjum gefst kostur á að uppfæra umsókn sína í samræmi við leiðbeiningar Rannís. Með þeim hætti er áfram skýrt að fyrirtæki beri ábyrgð á umsókninni og að hún sé þannig úr garði gerð að skýrt sé að hún uppfylli skilyrði laganna.
- **Kæruleið:** Fyrirtæki fái aðgang að kæruleið og á móti verði ákvæði um ráðgefandi fagnefnd fellt niður. Áformað er að leggja til að komið verði á sérstakri stjórnslukæruleið vegna ákvarðana Rannís sem teknar eru á grundvelli laganna. Samkvæmt gildandi lögum er ákvörðun Rannís endanleg. Markmiðið er að styrkja réttaröryggi umsækjenda og tryggja að fyrirtæki hafi aðgang að úrræðum til endurskoðunar stjórnvaldsákvæðana.
- **Birting og söfnun tölfræðiupplýsinga:** Varanlegur gagnagrunnur hjá Hagstofunni. Áformað er að komið verði á varanlegri söfnun og varðveislu tölfræðilegra upplýsinga um framkvæmd stuðningskerfisins, meðal annars í samstarfi við Hagstofu Íslands. Markmið breytingarinnar er að bæta upplýsingagrunn um áhrif stuðningsins, auðvelda reglubundið mat á árangri kerfisins og styrkja möguleika stjórnvalda til stefnumótunar og greiningar á áhrifum opinbers stuðnings við rannsóknir og þróun.
- **Eignarhald og hugverkaréttindi:** Áformað er að taka til skoðunar hvort ástæða sé til að skýra nánar eða endurskoða reglur laganna um tengsl stuðnings við eignarhald rannsókna- og þróunarverkefna, réttindi til afraksturs þeirra og fjárhagslega áhættu sem umsækjandi ber af verkefni. Gildandi lög byggja á því að stuðningur sé veittur fyrirtækjum sem standa að rannsókna- og þróunarverkefnum og bera fjárhagslega áhættu af framkvæmd þeirra. Í framkvæmd hafa komið upp álitæfni um hvernig meta skuli þessi skilyrði þegar verkefni eru unnin innan samstæðna fyrirtækja, þar sem eignarhald á hugverkaréttindum eða réttur til nýtingar afraksturs kann að vera hjá öðru félagi en því sem annast framkvæmd verkefnisins hér á landi. Við endurskoðun laganna verður meðal annars skoðað hvort þörf sé á skýrari reglum um tengsl stuðnings við eignarhald, nýtingu afraksturs rannsókna- og þróunarverkefna og uppbyggingu þekkingardrífna starfa og hvernig haga skuli mati á fjárhagslegri áhættu umsækjenda. Í því sambandi koma til álita ólíkar leiðir, allt frá því að halda óbreyttum skilyrðum um eignarhald og fjárhagslega áhættu til þess að leggja aukna áherslu á hvar rannsóknar- og þróunarstarfsemi fer fram, hvar kostnaður fellur til og hver annast framkvæmd verkefnisins. Við mat á mögulegum breytingum verður meðal annars horft til markmiða laganna, alþjóðlegrar þróunar, framkvæmdar sambærilegra stuðningskerfa erlendis og reglna EES um ríkisaðstoð. Jafnframt verður leitast við að tryggja að stuðningskerfið styðji við rannsóknar- og þróunarstarfsemi og verðmætasköpun hér á landi, án þess að skapa óþarfa hindranir fyrir þátttöku fyrirtækja í alþjóðlegu samstarfi, samstæðurekstri og því að tryggja sér erlenda fjárfestingu.
- **Kostnaðarliðir:** Áformað er að leggja til að endurskoða reglur um hvaða kostnaður telst styrkhæfur samkvæmt lögunum og samræma þær betur alþjóðlegum viðmiðum og reglum um ríkisaðstoð. Lagt verður upp með það markmið að skýra betur hvaða útgjöld falla undir stuðningskerfið, tryggja jafnræði umsækjenda og stuðla að skilvirkari og fyrirsjáanlegri framkvæmd laganna. Jafnframt verður horft til þess að stuðningurinn beinist að þeim kostnaði sem tengist með beinum hætti rannsókna- og þróunarstarfsemi. Gögn benda til þess að kostnaður sem ekki telst beinn rannsóknar- og þróarkostnaður sé í einhverjum tilvikum talinn fram með verkefnum. Í ljósi þess að stuðningskerfið er, samkvæmt gögnum OECD, meðal þeirra rausnarlegustu á heimsvísu með allt að 35% stuðningi og víðtækri skilgreiningu á styrkhæfum kostnaði, getur skapast freistnivandi. Þá má benda á að bæði Noregur og Danmörk hafa um þessar mundir til skoðunar að grípa til aðgerða til að stemma stigu við

misnotkun sambærilegra kerfa. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að gera kerfið markvissara með skýrari reglum og afmörkunum á styrkhæfum kostnaði.

Yfirferð Rannís og eftirlit Skattsins með þessum þáttum er tímafrekt ferli og talinn er ávinningur í því að takmarka kostnaðarliði og einfalda þannig og flýta fyrir yfirferð og eftirliti. Til skoðunar er hvort takmarka eigi liði eins og húsaleigu, afskriftir og annan ótilgreindan kostnað svo dæmi séu tekin. Aðkeypt þjónusta er stærsti einstaki þátturinn sem er til skoðunar. Stór hluti aðkeyprtrar þjónustu erlendur kostnaður. Mæta mætti betur markmiði um uppbyggingu sérþekkingar hérlandis með því að takmarka þennan þátt en þó með undanþágu fyrir aðkeypta þjónustu vegna sérþekkingar sem ekki er tiltæk hér á landi. Takmörkun á kostnaðarþáttum sem þessum þjónar þeim tilgangi að gera kerfið markvissara og skilvirkara.

- **Form:** Tekjuskattur, launaskattar, gjaldahlið. Til skoðunar er hvort ástæða sé til að endurskoða form þess stuðnings sem veittur er vegna rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja. Gildandi lög byggja á því að stuðningur sé veittur í gegnum tekjuskattskerfið, þar sem fyrirtæki geta fengið frádrátt frá álögðum tekjuskatti eða endurgreiðslu vegna styrkhæfs rannsóknar- og þróunarkostnaðar að uppfylltum skilyrðum laganna. Reynsla erlendis sýnir að stuðningur við rannsóknar- og þróunarstarfsemi getur verið útfærður með ólíkum hætti. Í sumum ríkjum er stuðningur veittur í gegnum tekjuskattskerfið, en í öðrum ríkjum að hluta eða öllu leyti í formi lækkunar á launatengdum gjöldum eða beinna framlaga. Við endurskoðun laganna verður meðal annars metið hvort áfram eigi að byggja á þeirri leið sem nú er farin eða hvort önnur úrræði gætu í auknum mæli stutt við markmið laganna. Í því sambandi koma til skoðunar mismunandi leiðir við útfærslu stuðnings, svo sem áframhaldandi stuðningur í gegnum tekjuskattskerfið, stuðningur sem tengist launakostnaði eða launatengdum gjöldum vegna starfsfólks sem sinnir rannsóknar- og þróunarstarfi, eða stuðningur sem veittur er í formi beinna greiðslna eða annarra útgjaldaúrræða af gjaldahlið ríkissjóðs. Við mat á mögulegum breytingum verður meðal annars horft til hvatningaráhrifa, fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki, einfaldleika í framkvæmd, kostnaðar og skilvirkni fyrir ríkissjóð, auk reynslu annarra ríkja af sambærilegum úrræðum. Jafnframt verður litið til þess hvernig mismunandi útfærslur samræmast reglum EES um ríkisaðstoð og markmiðum um að efla rannsóknar- og þróunarstarfsemi og verðmætasköpun í íslensku atvinnulífi. Tilgangur samráðsins er meðal annars að kalla eftir sjónarmiðum um kosti og galla mismunandi leiða með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og hvernig best verði staðið að framtíðarfyrirkomulagi stuðnings við rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja.
- **Samstarfsverkefni:** Samstarfsverkefni verða sífellt mikilvægari hluti af rannsóknar- og þróunarstarfi fyrirtækja. Því er til skoðunar hvort skýra þurfi betur reglur um verkefni sem unnin eru í samstarfi fyrirtækja eða með þátttöku fleiri en eins aðila við fjármögnun, framkvæmd eða nýtingu afraksturs. Í samráðinu er óskað eftir sjónarmiðum um hvernig best verði stuðlað að auknu samstarfi um rannsóknir og þróun.

Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Fyrirhugaðar breytingar varða stuðningskerfi sem fellur undir reglur EES-samningsins um ríkisaðstoð og þurfa því að samræmast skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-rétti, þar á meðal ákvæðum samningsins og reglum sem byggja á almennu hópundanþágureglugerðinni (GBER). Við undirbúning lagabreytinga verður sérstaklega horft til þess að stuðningskerfið samræmist gildandi ríkisaðstoðarreglum og þeirri þróun sem á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins og EES. Áformin fela ekki í sér breytingar á stjórnarskrá og ekki er talið að þau gefi tilefni til sérstakra álitaefna um samræmi við stjórnarskrárvarin réttindi. Við frekari vinnslu málsins verður þó, eftir atvikum, metið hvort einstakar breytingar hafi áhrif á réttindi eða stöðu þeirra aðila sem njóta stuðnings samkvæmt lögnum, meðal annars með hliðsjón af jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og almennum reglum stjórnsýsluréttar.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Já, áformin varða ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð. Fyrirhugaðar breytingar lúta að opinberum stuðningi við rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja og falla því innan ramma

reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð. Við undirbúning frumvarpsins verður sérstaklega horft til þess að fyrirkomulag stuðningsins samræmist gildandi EES-reglum um ríkisaðstoð, þar á meðal almennu hópundanþágureglugerðinni (GBER), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn. Við endurskoðun laganna verður jafnframt horft til þeirrar þróunar sem á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins og EES við endurskoðun ríkisaðstoðarreglna sem varða rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Óháð því hvaða útfærsla stuðnings verður fyrir valinu, hvort sem stuðningur verður áfram veittur í gegnum tekjuskattskerfið eða með öðrum hætti, þarf fyrirkomulagið að samræmast gildandi reglum EES um ríkisaðstoð. Áformin fela hins vegar ekki í sér tæknilegar reglur um vörur eða fjarþjónustu í skilningi EES-réttar og varða ekki með beinum hætti reglur um frelsi til að veita þjónustu.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Fyrirhugaðar breytingar kunna að hafa snertifleti við aðra löggjöf, einkum stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012, lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Þá kann að reynast nauðsynlegt að skoða samspil breytinganna við lög um opinber fjármál og reglur um opinbera tölfræði eftir því hvernig endanleg útfærsla stuðningskerfisins verður ákveðin. Við frekari undirbúning frumvarps verður metið hvort þörf sé á breytingum á annarri löggjöf

E. Samráð

1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Helstu hagsmunaaðilar:

1. Fyrirtæki sem sækja um skattfrádrátt vegna R&D-kostnaðar; lögin veita þeim rétt til frádráttar vegna staðfesta rannsókna -og þróunarverkefna í skilningi laganna.
2. Rannís, sem metur og staðfestir rannsókna- og þróunarverkefni og annast umsýslu umsókna.
3. Skatturinn, þar sem stuðningurinn fer í gegnum tekjuskattskerfið og Skatturinn miðlar upplýsingum til Rannís við afgreiðslu og eftirfylgni.
4. Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, bæði vegna aðkomu atvinnulífsins að fagnefnd/umsögnum og vegna þess að SI líta á R&D-skattahvatana sem lykiltæki fyrir vöxt hugverkaiðnaðar.
5. Háskólar, rannsóknastofnanir og opinber þekkingarumhverfi, þrátt fyrir að þau geti ekki sótt um endurgreiðslu þá getur aðkeypt rannsóknar- og þróunarvinna komið frá háskólum eða stofnunum.
6. Fjárfestar og fjármögnunaraðilar nýsköpunar, t.d. vísisjóðir og engla fjárfestar, þar sem fyrirsjáanlegir rannsókna og þróunarhvarar hafa bein áhrif á fjármögnun, vöxt og áhættu nýsköpunarfyrirtækja.
7. Endurskoðendur, bókarar og skattaráðgjafar, sem aðstoða fyrirtæki við kostnaðargreiningu, skjölun, framtal og samræmi við reglur um styrkhæfan kostnað.

2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Skarast við stjórnarmálefni menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis. Endurskoðunin er unnin í samvinnu beggja ráðuneyta. Þá er mögulega skörun við stjórnarmálefni forsætisráðuneytisins vegna gagnagrunns hjá Hagstofunni.

3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Samráð hefur verið haft við helstu hagsmunaaðila í nýsköpunarumhverfinu, þar á meðal hagsmunasamtök fyrirtækja á borð við Samtök sprotafyrirtækja, Samtök iðnaðarins og hugverkanefnd Samtaka iðnaðarins. Þá voru haldnir fundir með Framvís - samtökum engla- og vísifjárfesta og Vísinda- og nýsköpunarráði. Þá var haldinn fundur með Landshlutasamtökum sveitarfélaga til að ræða byggðasjónarmið og fundur með fjárfesti og fulltrúa frá sprotafyrirtæki til að ræða kynjasjónarmið. Auk ofangreinds voru haldnar tvær vinnustofur, annars vegar með Rannís og Skattinum og hins vegar með um 25 þátttakendum

úr nýsköpunarumhverfinu, þar sem komu meðal annars að borðinu fyrirtæki, samtök fyrirtækja, fjárfestar, ráðgjafar og aðrir haghafar.

4. Fyrirhugað samráð.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi samráði, s.s. formlegu samráði í gegnum samráðsgátt stjórnvalda sem og fundum með hagsmunaaðilum.

F. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.

Áformin kunna að hafa bæði áhrif til hækkunar og lækkunar á útgjöld ríkissjóðs. Til hækkunar kemur einkum tímabundinn innleiðingarkostnaður, breytingar á tölvukerfum, aukið álag hjá Rannís, möguleg kæruleið og varanleg gagnasöfnun og tölfraeðvinnsla. Þá kunna útgjöld að hækka leiði breytingarnar til aukinnar rannsóknar- og þróunarvirkni hjá fyrirtækjum, t.a.m. vegna einfaldara og skilvirkara umsóknarkerfis, sem skili sér í markvissari og betur undirbúnum umsóknum. Til lækkunar geta komið skýrari reglur og takmarkanir á styrkhæfum kostnaði, sem geta dregið úr umfangi stuðnings. Þá getur endanleg útfærsla varðandi form og eignarhald haft í för með sér útgjaldaáhrif. Heildaráhrif á tekjur, gjöld, afkomu og efnahag ríkissjóðs liggja ekki fyrir á þessu stigi, enda er málið enn á áformastigi og endanleg útfærsla ómótuð.

Lagt er upp með að einföldun umsóknarferlisins gagnist litlum fyrirtækjum sérstaklega og þar með geta breytingarnar haft jákvæð áhrif á aðgengi hópa sem hafa síður bolmagn til að standa undir flóknu og kostnaðarsömu umsóknarferli. Það getur átt við um minni fyrirtæki, sprota og frumkvöðlafyrirtæki, og geta hvatningaráhrif laganna leitt til að fleiri fyrirtæki sjái sér fært að stunda rannsóknir og þróun. Þá gæti einföldun haft í för með sér jákvæð byggða- og kynjasjónarmið. Æskilegt er að fylgjast með þeim áhrifum verði fyrirhugaðar breytingar að lögum.

Áhrif verða endurmetin þegar endanleg útfærsla liggur fyrir. Þá verður jafnframt metið hvort þau rúmist innan núverandi ramma fjármálaáætlunar, en þar er gert ráð fyrir árlegum útgjaldavexti frá árinu 2027.

G. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Sá aðili sem mestan tíma þarf til undirbúnings er Rannís. Ráðast þarf í breytingar á tölvukerfi ásamt því að verði umsóknardagsetning færð fram um ár þarf að gera ráð fyrir tvöföldu álagi eitt árið. Þá þarf mögulega einnig að gera ráð fyrir undirbúningstíma hjá Skattinum sem og að koma á fót kærunefnd. Undirbúningstími ræðst af endanlegum niðurstöðum um hvaða breytingar verða lagðar til í frumvarpinu og verður matið uppfært þegar frumvarpið liggur fyrir. Miðað er við að horft verði til gildistímaákvæða til að nægur tími gefist til undirbúnings.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Kynning og fræðsla til hagaðila, með sérstaka áherslu á fyrirtæki í R&D, uppfæra þarf tölvukerfi Rannís og Skattsins, koma til móts við tvöfalt álag sem skapast með því að færa umsóknarfrestinn.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

- Framkvæmd
 - Markvissari umsóknir
 - Árangurshlutfall umsókna
 - Málsmeðferðartími hjá Rannís
 - Dreifing stuðnings eftir stærð fyrirtækja

- Dreifing eftir landshlutum
- Dreifing eftir kyni
- Aukin rannsóknar- og þróunarvirkni fyrirtækja
- Fjölgun starfa í hugverkaiðnaði
- Auknar útflutningstekjur frá hugverkaiðnaði

Verður uppfært í endanlegu mati.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Gert er ráð fyrir að komið verði á laggirnar gagnagrunni hjá Hagstofunni til að meta árangur. Þá er einnig gert ráð fyrir að unnið verði með gögn frá Rannís og Skattinum.

H. Annað

Gildistaka og innleiðing laganna

Miðað er við að lögin taki gildi 1. janúar 2027. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að einstaka ákvæði taki gildi síðar, þá fyrst og fremst breyting á umsóknarfresti.

I. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.